



## **Stofnanasamningur**

**milli Félags sjúkrabjálfa (FS) og Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki (HS) um forsendur  
röðunar starfa**

**Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar  
og Félags sjúkrabjálfa hins vegar**

### **1. Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkrabjálfa á HS sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkrabjálfa og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### **2. Framkvæmd röðunar og mats**

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### **3. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1**

| <b>Starfaflokkur</b> | <b>Launafl. á bili</b> |
|----------------------|------------------------|
|----------------------|------------------------|

Sjúkrabjálfaþanemi .....022 – 031 (eftir annað ár).

Sjúkrabjálfi A.....032 – 041 (Byrjandi í starfi).

Sjúkrabjálfi B.....041 – 051 (Eftir 6 til 12 mánuði í starfi).

Sjúkrabjálfi C .....051 – 061 (Eftir 2 ár í starfi).

Sjúkrabjálfi D.....063 – 091 (Eftir 5 ár í starfi).

Sjúkrabjálfi E.....071 – 091

Sérfræðingsstarf.....081 –

Deildarstjóri.....090 –

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga á starfsemi HS geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum HS er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

HS  
HK  
1  
AA  
HK

#### 4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

##### 4.1 Viðbótarnám og námskeið sem nýtist í starfi (hámark 2 flokkar og 1 þrep).

|                                                |                     |
|------------------------------------------------|---------------------|
| - Námskeið og fagráðstefnur 120 kennslustundir | 1 þrep              |
| - Diplómanám, 30 ECTS einingar                 | 2 þrep              |
| - Diplómanám, 60 ECTS einingar                 | 1 flokkur og 1 þrep |
| - Meistarapróf, 120 ECTS einingar              | 1 flokkur og 2 þrep |
| - Doktorspróf                                  | 2 flokkar og 1 þrep |

Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að launaflokkar / þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 2 launaflokkum og 1 álagsþrepi, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms.

##### Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á námskeiði/um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til launafulltrúa.

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega.

##### 4.2 Reynsla/starfsaldur

Starfsþróun sjúkraþjálfara er eftirfarandi:

- 1 þrep eftir 10 ár í starfi.
- 1 þrep eftir 15 ár í starfi.
- 1 þrep eftir 20 ár í starfi

#### 5. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

#### 6. Sérstakt tímabundið álag/verkefni

Gera skal samning við sjúkraþjálfara sem að taka að sér sérstök verkefni sem fela í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning við sjúkraþjálfara um tímabundna hækkun launa í formi álagsþrepa, eingreiðslna eða auka yfirvinnutíma. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verka sem krefjast aukinnar ábyrgðar t.d verkefnastjórnun, þátttöku í nefndum, sérstök álagstímabil og manneklu.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including "H5", "SMA", "AA", "2", "HMK", and "HK".

## 7. Gildistaka

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2014.

Sauðárkróki, 12. desember 2013

f.h. Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki

Hafþórinn Samundsson  
Herdís Klaua

f.h. Félags sjúkrapjálfa

Heldur Magnúsdóttir  
Sveinn Sveinsson  
Tanney Isföld Karlsdóttir  
Annika Árnadóttir  
Audur Adalsteinsdóttir

## Fylgiskjal 1

### Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

#### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

**Sjúkrabjálfaranemi:** Eftir annað ár. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín.

**Sjúkrabjálfari A:** Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

**Sjúkrabjálfari B:** Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

**Sjúkrabjálfari C:** Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útteilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

**Sjúkrabjálfari D:** Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunarinnar.

**Sjúkrabjálfari E:** Sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistarapróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu HS. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra.

**Sérfræðingsstarf:** Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

**Deildarstjóri:** Deildarstjóri ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri deildar sinnar. Staða deildarstjóra felst í stjórnnum, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Hann ber ábyrgð á faglegri framþróun, vinnuskipulagi, daglegum rekstri og samskipti við aðrar deildir og stofnanir. Hann metur fræðsluþarfir samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Deildarstjóri sér um starfsmannasamtöl ásamt því að hafa ákveðin skilgreind verkefni samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

Handwritten signatures and initials in purple ink, including a large 'A' at the top right, and various initials like 'KS', 'Sv Sv', 'FIK', 'AM', and 'HVK' at the bottom right.

## Bókun 1

### Skráning

Skráning á forsendum launaröðunar allra sjúkraþjálfara verður yfirfarin og lagfærð. Byrjað verður á yfirferð og lagfæringu á C, D og E. Síðan verða A og B skoðuð með sama hætti. Þessari vinnu verður lokið fyrir 1. febrúar 2014. Sjúkraþjálfari með viðbótarmenntun, diplóma, MS eða Doktors próf falla í starfaflokkun og röðun samkvæmt stofnanasamningi HS. Ofangreind yfirferð á launaröðun mun aldrei leiða til lækkunar launa einstakra sjúkraþjálfara.

## Bókun 2

### Vinnuumhverfi sjúkraþjálfara

Aðilar munu fela fjögurra manna vinnuhópi sem skipaður er af tveimur tilnefndum sjúkraþjálfurum og tveimur af HS til að meta og eftir atvikum gera tillögur til úrbóta á vinnu- og starfsumhverfi sjúkraþjálfara á HS. Hópurinn skal skila tillögum og áætlun til úrbóta til forstjóra fyrir 1. febrúar 2014.

Sauðárkróki, 12. desember 2013

f.h. Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki

f.h. Félags sjúkraþjálfara

*Hafþinn Jónsson*  
*Herdís Klum*

*Helena Magnúsdóttir*  
*Steinn Þorsteinsson*  
*Tanne* *Ísöld Karl*  
*Hönnuþórunn Ólafsdóttir*  
*Andri Ádalsteinsson*